

Kennsluáætlun – vor 2022



Bekkur: 8. bekkur

Námsgrein: Danska

Kennarar: Charlotte Sigrid á Kósini og Sigurþór Hjalti Gústafsson

Tímafjöldi: 3 tímar á viku

Námsgögn: Smart, vinnu- og lesbók, efni frá kennara

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalskrár:

Símat

Kennsluáætlun: *

Danska 8. bekkur

Vikan	Viðfangsefni	Mat	Annað
17.1-21.1	Lukas Graham		
24.1-28.1	Lukas Graham		
31.1-4.2	Lukas Graham		Starfsd./foreldraf. fim/fös
7.2-11.2	Champion		
14.2-18.2	Champion		
21.2-25.2	Smart – Dyrens verden ~ Kæledyr		Vetrarfr. mán/þri
28.2-4.3	Smart – Dyrens verden ~ Kæledyr		Bollu-, Sprengi-, Öskud
7.3-11.3	Smart – Dyrens verden ~ Dyr i Danmarks natur		
14.3-18.3	Smart – Dyrens verden ~ Dyr i Danmarks natur		

21.3-25.3	Smart – Dyrens verden ~ Dyr i Danmarks natur		
28.3-1.4	Smart – Dyrens verden ~ Dyr i Danmarks natur	Hlustunarpróf Glósupróf Fjölbreytt skil á töluðu máli.	
4.4-8.4	Dönsk bíómynd - Karla og Jonas		
11.4-15.4	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ	PÁSKAFRÍ
19.4-22.4	Smart – Nu spiser vi		Sumardagurinn fyrsti
25.4-29.4	Smart – Nu spiser vi		
2.5-6.5	Smart – Nu spiser vi		
9.5-13.5	Smart – Nu spiser vi	Hlustunarpróf Glósupróf Fjölbreytt skil á töluðu máli.	
16.5-20.5	Smart – Skolen		
23.5-27.5	Smart – Skolen		Íþrótt- og útivistad.
30.5-3.6	Smart – Skolen	Hlustunarpróf Glósupróf Fjölbreytt skil á töluðu máli.	
7.6-10.6	Upprifjun/uppbrot.		Skólaslit

***Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar**

Skólanámskrá:

Danska – Skólanámskrá 8. bekk		
Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Hlustun	• Getur skilið einföld fyrirmæli/leiðbeiningar. • Skilur stuttar setningar þegar talað er skýrt. • Getur skilið mikilvægustu orðin í viðfangsefninu. • Skilur aðalatriðin í samtölum með því að nota t.d. myndir, hluti eða líkamstjáningu til aðstoðar. • Getur fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um atriði eða viðfangsefni sem nemandinn þekkir vel.	

	• Getur fylgst með einföldu efni á dönsku á ýmsum mynd-/vefmiðlum og notað upplýsingarnar til að leysa verkefni.	
Lesskilningur	• Getur lesið og skilur ágætlega einfalda texta með grunnorðaforða úr daglegu lífi t.d. áhugamálum eða kunnuglegum aðstæðum. • Getur lesið stutta texta og skilið aðalatriði hans t.d. með notkun mynda sem tengjast honum. • Getur lesið sér til gagns stuttar, einfaldar sögur eða bækur og sagt aðeins frá þeim. • Getur lesið og fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum, dönskum texta til að nota í verkefnavinnu.	
Samskipti	• Getur byrjað samtali á dönsku. • Getur klárað samtali á dönsku með algengustu kurteisvenjum. • Getur tekið þátt í stuttu, einföldu samtali á dönsku um efni sem hann þekkir vel. • Getur skipst á einföldum upplýsingum við aðra manneskju á dönsku. • Getur mælt sér mót við einhvern með upplýsingum um tímasetningu og stað til að hittast. • Getur beitt nokkuð eðlilegum framburði á dönsku.	
Frásögn	• Getur í einföldu máli sagt frá og notað grunnorðaforða sem unnið hefur verið með. • Getur beitt eðlilegum framburði og áherslum á dönsku. • Getur sagt frá eða lýst sjálfum sér á einfaldan hátt. • Getur sagt frá fjölskyldu sinni, áhugamálum eða öðru tengdu daglegu lífi á einfaldan hátt. • Getur lýst stuttlega eða sagt frá reynslu eða upplifun sinni með því að nota t.d. myndir, tónlist, hlut o.s.frv.	

	• Getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp texta sem búið er að æfa.	
Ritun	• Getur skrifað einfaldar frásagnir þar sem setningarnar tengjast. • Getur skrifað stuttan, samfelldan texta um efni sem tengist daglegu lífi eða honum sjálfum. • Getur stafsett flest orðin rétt og notað helstu greinarmerki eins og punkta og spurningarmerki. • Getur skrifað einföld smáskilaboð. • Getur skrifað póstkort eða tölvupóst. • Getur samið og skrifað stuttan texta. • Getur skrifað stuttan texta út frá mynd/myndasögu. • Getur skrifað stuttan texta út frá efni sem hann hefur lesið.	
Menningarläsi	• Getur sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta úr daglegu lífi t.d. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum í Danmörku og borið saman við sína eigin menningu. • Getur sýnt þekkingu á hvar Danmörk er staðsett, hvernig landslagið er og hvaða lönd eiga landamæri að landinu. • Getur nefnt heiti og staðsetningu á nokkrum þekktum stöðum í Danmörku. • Getur sýnt þekkingu á sögum eftir danska rithöfunda og söguhetjum þeirra. • Getur sýnt dæmi um 8 orð á dönsku sem eru lík orðum með sömu merkingu á öðru tungumáli.	
Námshæfni	• Getur sett sér einföld markmið og gerir sér nokkra grein fyrir stöðu sinni í náminu með aðstoð kennara. • Sýnir vilja til að bæta hæfni sína þar sem þess gerist þörf. • Getur beitt sanngjörnu sjálfsmati á hæfni sína. • Getur tekið þátt í samvinnu um ýmis viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.	

	• Getur nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur.	
Námsefni		
Lykilhæfni		